



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8 -10

150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/143**  
**komudagur 5.11.2013**

5. nóvember 2013

**Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþjóðlýðveldisins Kína.**


Samtök atvinnulífsins styðja eindregið að tillagan hljóti samþykki Alþingis og að fríverslunarsamningurinn verði fullgiltur sem fyrst.

Fríverslunarsamningar eru mikilvægir til að tryggja hindranalausan aðgang vöru á gagnkvæma markaði. Með því batnar samkeppnisstaða atvinnulífsins og möguleikar til aukinna viðskipta milli ríkjanna skapast. Báðir (eða allir) aðilar hafa hag af samningunum með betri nýtingu framleiðslutækja, vernd hugverka og því að ágreiningsmál sem upp kunna að koma eru leyst eftir ákveðnu ferli.

Mikilvægasti samningurinn á þessu sviði er EES – samningurinn. Annars eru flestir fríverslunarsamningar Íslands hluti af sameiginlegum samningum EFTA ríkjanna. Þessir samningar leggja grunn að alþjóðaviðskiptum íslenskra fyrirtækja auk þess sem virk þátttaka stjórnvalda í alþjóðlegu samstarfi eins og í OECD og WTO er mjög mikilvæg.

Eitt mikilvægasta hlutverk utanríkisþjónustunnar er að þróa og viðhalda þessum viðskiptasamningum og gera nýja. Það styrkir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og greiðir fyrir þátttöku fyrirtækja hér á landi í alþjóðlegum viðskiptum.

Virðingarfyllt,

  
Pétur Reimarsson,  
forstöðumaður.